

Íþróttafélagið Þór - Knattspyrnudeild

Ársreikningur 2022

Íþróttafélagið Þór - Knattspyrnudeild
Hamri
603 Akureyri

kt. 670991-2109

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar

Aðalstarfsemi Knattspyrnudeildar Íþróttafélagsins Þórs er knattspyrnuíðkun og tengd starfsemi. Ársreikningur Knattspyrnudeildar Íþróttafélagsins Þórs hefur að geyma Knattspyrnudeild Þórs, kt. 670991-2109 og Unglingaráð, kt. 520603-3010.

Ársreikningur Knattspyrnudeildar er hluti af samstæðuársreikningi Íþróttafélagsins Þórs.

Rekstrartekjur Knattspyrnudeildar námu 135,7 millj. kr. á árinu 2022 og hækkuðu um 9,1 millj. kr. milli ára eða um 7%. Tap Knattspyrnudeildar Íþróttafélags Þórs á árinu 2022 nam 22,0 millj. kr. (2021: hagnaður 7,7 millj. kr.)

Eigið fé Knattspyrnudeildar Íþróttafélagsins Þórs í árslok var neikvætt um 0,5 millj. kr. (2021: 20,1 millj. kr.) Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn Knattspyrnudeildar Íþróttafélagsins Þórs hefur í dag rætt ársreikning fyrir árið 2022 og staðfest hann með undirritun sinni.

Akureyri, 24. febrúar 2023.

Stjórn:

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Knattspyrnudeildar Íþróttafélagsins Þórs.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Knattspyrnudeildar Íþróttafélagsins Þórs fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400 um könnun ársreikninga. Könnun ársreikninga í samræmi við ISRE 2400 felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á ársreikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Knattspyrnudeildar Íþróttafélagsins Þórs á árinu 2022, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 24. febrúar 2023.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir.....		42.812.211	42.278.818
Tekjur af mótum.....		35.465.480	26.047.708
Vörusala og auglýsingatekjur.....		2.090.000	2.040.000
Aðrar fjáraflanir.....		15.310.842	13.224.933
Aðrar tekjur.....		40.037.464	43.026.635
		<u>135.715.997</u>	<u>126.618.094</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld.....	2	84.945.566	70.434.399
Íþróttaleg viðskipti.....		58.683.410	42.597.452
Rekstur mannvirkja, vörunotkun.....		17.552	115.604
Annar rekstrarkostnaður.....		7.888.847	5.482.728
Afskriftir leikmanna.....	3	593.333	0
		<u>152.128.708</u>	<u>118.630.183</u>
Rekstrar(tap) -hagnaður.....		(16.412.711)	7.987.911
Hlutdeild í rekstri ÞórKA kvennabolta.....		(5.126.700)	(312.704)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur.....		67.982	23.283
Vaxtagjöld.....		(537.149)	(46.043)
		<u>(469.167)</u>	<u>(22.760)</u>
(Tap) hagnaður ársins.....	5	<u>(22.008.578)</u>	<u>7.652.447</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	2022	2021
Eignir			
Leikmannasamningar.....	3	4.626.667	3.600.000
Eignarhlutir í félögum.....	4	150.000	150.000
	Fastafjármunir	<u>4.776.667</u>	<u>3.750.000</u>
Kröfur á aðrar deildir.....		1.028.235	1.377.545
Aðrar skammtímakröfur.....		8.447.385	6.166.402
Handbært fé.....		7.425.116	18.590.514
	Veltufjármunir	<u>16.900.736</u>	<u>26.134.461</u>
	Eignir samtals	<u><u>21.677.403</u></u>	<u><u>29.884.461</u></u>
Eigið fé			
Endurmatsreikningur.....		4.900.000	3.600.000
(Ójafnað) óráðstafað eigið fé.....		(5.429.949)	16.528.629
	Eigið fé 5	<u>(529.949)</u>	<u>20.128.629</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		4.554.824	511.468
Viðskiptaskuldir.....		4.270.908	2.871.523
Skuldir við aðrar deildir.....		3.708.805	18.526
Skuldbinding vegna ÞórKA kvennabolta.....		3.907.317	230.617
Aðrar skammtímaskuldir.....		5.765.498	6.123.698
	Skammtímaskuldir	<u>22.207.352</u>	<u>9.755.832</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u><u>21.677.403</u></u>	<u><u>29.884.461</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
(Tap) hagnaður ársins.....	5 (22.008.578)	7.652.447
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Sölutap leikmanna		100.000	0
Afskriftir leikmanna	3	593.333	0
Hlutdeild í rekstri ÞórKA kvennabolta		5.126.700	312.704
		<u>(16.188.545)</u>	<u>7.965.151</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, hækkun	(2.280.983)	(3.506.045)
Skammtímaskuldir, hækkun		1.041.185	2.074.466
		<u>(1.239.798)</u>	<u>(1.431.579)</u>
		<u>(17.428.343)</u>	<u>6.533.572</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir leikmenn.....	3 (1.920.000)	0
Seldir leikmenn.....		100.000	0
Kröfur á aðrar deildir, lækkun (hækkun).....		349.310	(1.377.545)
		<u>(1.470.690)</u>	<u>(1.377.545)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Skuldir við lánastofnanir, hækkun.....		4.043.356	507.405
Skuldir við aðrar deildir, hækkun.....		3.690.279	18.526
		<u>7.733.635</u>	<u>525.931</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé.....	(11.165.398)	5.681.958
Handbært fé í ársbyrjun.....		18.590.514	12.908.556
Handbært fé í árslok.....		<u>7.425.116</u>	<u>18.590.514</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Ársreikningur knattspyrnudeildar hefur að geyma Knattspyrnudeild Þórs, kt. 670991-2109 og Unglingaráð, kt. 520603-3010.

b. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vöru og þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

c. Leikmannasamningar

Leikmannasamningar eru eignfærðir í samræmi við leyfiskerfi KSÍ. Matsbreytingar leikmanna eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár.

d. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá öðrum skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

e. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

f. Skuldbindingar

Gerður var samningur við Knattspyrnufélag Akureyrar um aðkomu að rekstri ÞórKA kvennabolta á árinu 2017. Tap varð af rekstri ÞórKA kvennabolta á árinu 2022 og reiknast 50% hlutdeild af rekstrarniðurstöðu hjá knattspyrnudeild Íþróttafélagsins Þórs. Skuldbinding vegna ÞórKA kvennabolta nemur 5,3 millj. kr. í árslok.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2022	2021
Laun	47.459.760	37.873.400
Launatengd gjöld	9.012.208	7.259.741
Verktakagreiðslur.....	340.000	5.400.220
Dagpeningar og bifreiðastyrkir.....	28.035.578	30.612.951
Endurgreiðsla frá Vinnumálastofnun.....	98.020	(10.711.913)
Laun og launatengd gjöld samtals.....	84.945.566	70.434.399

3. Leikmannasamningar

Leikmannasamningar greinast þannig:

Bókfært verð 1.1.	3.600.000	3.800.000
Matsbreytingar leikmanna	(100.000)	(200.000)
Keyptir leikmenn	1.920.000	0
Seldir leikmenn	(200.000)	0
Afskrifað á árinu	(593.333)	0
Bókfært verð 31.12.	4.626.667	3.600.000

Skýringar, frh.:

4. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignar- hlutur	Bókfært verð
Þórsmjölnir ehf.	13,04%	150.000
Eignarhlutir í félögum samtals		<u>150.000</u>

5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	Endurmats- reikningur	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2021.....	5.600.000	7.576.182	13.176.182
Matsbreytingar leikmanna.....	(200.000)	0	(200.000)
Matsbreytingar leikmanna ÞórKA kvennabolta.....	(500.000)	0	(500.000)
Hagnaður ársins.....	0	7.652.447	7.652.447
Eigið fé 1.1.2022.....	4.900.000	15.228.629	20.128.629
Matsbreytingar leikmanna.....	(100.000)	0	(100.000)
Matsbreytingar leikmanna ÞórKA kvennabolta.....	1.400.000	50.000	1.450.000
Tap ársins.....	0	(22.008.578)	(22.008.578)
Eigið fé 31.12.2022.....	<u>6.200.000</u>	<u>(6.729.949)</u>	<u>(529.949)</u>